

Þvi dæmist rétt vera :

Stefndu, stjórn Búnaðarfélags Garða- og Bessastaðahrepps og Gísla Guðjónsson, skulu vera sýkn af kröfum stefnandans í máli þessu.

Stefnandinn, Alfreð Guðmundsson, greiði stefndu, stjórn búnaðarfélagsins og Gísla Guðjónssyni, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. apríl 1949.

Nr. 2/1949. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)
 gegn

Jóni Einarssyni (Lárus Fjeldsted).

Ólögleg veiði togbáts í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Ari Kristinsson, fulltrúi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað á sjóupphrátt stað vélbáts kærða í landhelgi, og reyndist staðurinn 4.6 sjómíliur innan landhelgislínu. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.96, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Jón Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 30. október 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Einarssyni, Seyðisfirði, skipstjóra á vélbátnum Áspór, N.S. 9, frá Seyðisfirði, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 30. júlí 1915, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðbátnum Faxaborg eru mála-vextir þessir, er nú skal greina:

Föstudaginn 29. okt. 1948 lá varðskipið Faxaborg við akkeri undan Hjálmarsnesi í Þistilfirði, eða nánara til tekið

Svalbarðsnúpur

> 64.20°

Ottarshnjúkur

> 77.40°

Sandhaugur.

Kl. 14.00 sást til skips, sem hélt í S.SaV. með lítilli ferð. Kl. 15.04 mælist > frá Melrakkanesi til skipsins 28°. Var þá létt akkeri og veg-mælir látinn út, er sýnir 0.0, og stýrt réttvísandi 28°. Kl. 15.14 stefnir skipið á varðskipið og snýr síðan frá því. Kl. 15.20 sést stjórnborðsaftur-heri koma upp úr sjó á skipinu.

Kl. 15.29 er skotið lausum púðurskotum á skipið, þar eð skipið setti á ferð. Kl. 15.32 stöðvað hjá m/s Áspóri, N.S. 9, sem er með stjórnborðs-toghlara hangandi útbyrðis. Vegmælirinn tekinn inn og sýnir 3.6, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Svalbarðsnúpur

> 41.40°

Rauðanes

> 85.05°

Melrakkanes.

Dýpi 107 metrar, og gefur það stað togbátsins 4.5 sjómilur fyrir innan landhelgislínu.

Var þá bátur settur út, og annar stýrimaður varðskipsins fór um borð til að athuga, hvernig umhorfs væri á togbátinum, og einnig að sækja skipstjórnann, og var lifandi fiskur á þilfari á að gizka 1—2 pokar. Aðspurður skipstjóri togbátsins viðurkennir að hafa verið að veiðum og hafa tekið vörpuna inn um 15 mínútum áður en varðskipið kom að tog-bátinum. Var skipstjóra boðið að gera staðarákvörðun, sem hann hafnaði, en viðurkenndi staðarákvörðun varðskipsins rétta.

Síðan var skipstjórnunum á Áspóri sagt að fara til Húsavíkur, og var hann síðan fluttur um borð í sitt skip.

Kl. 16.30 haldið af stað til Húsavíkur og komið þangað kl. 02.00 hinn 30. okt. Veður S.A. 3, sjór S.A. 3, skýjað.

Kærður hefur hér fyrir réttinum viðurkennt framangreinda skýrslu rétta

í öllum atriðum. Hann hefur viðurkennt að hafa í þetta sinn verið að botnvörpuveiðum innan landhelgislinunnar.

Samkvæmt málavöxtum, sem nú hefur verið lýst, er ljóst, að kærður hefir gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 sbr. lög nr. 4 frá 1924. Með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing kærðs hæfilega ákveðin kr. 29.500.00 í sekt til Landhelgis sjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vélbátsins Áspórs, N.S. 9, skulu upptæk gerr og andvirði þeirra renna í sama sjóð. Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Jón Einarsson, greiði kr. 29.500.00 í sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, og komi varðhald í 8 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vélbátsins Áspórs, N.S. 9, skulu upptæk vera til sama sjóðs.

Kærður greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. apríl 1949.

Nr. 43/1947. **Bæjarstjórn Neskaupstaðar**
f. h. kaupstaðarins (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn
Friðjóni Sigfússyni (Theodór B. Línal).

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Guðmundur Egg-erz, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1947. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtakið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr